sexan

SEXAN STUTTMYNDASAMKEPPNI

Berist til: **Skólastjórnenda, kennara, fulltrúa félagsmiðstöðva og forvarnarteymis**
Efni: **Sexan stuttmyndasamkeppni**

Heil og sæl

Með þessu bréfi langar mig að vekja athygli ykkar á Sexunni, stuttmyndasamkeppni fyrir 7. bekki grunnskóla landsins sem verður haldin í ársbyrjun 2023.

Sexan er stuttmyndasamkeppni sem er ætlað að fræða ungt fólk um mörk og samþykki en einnig um tilurð, birtingarmyndir og afleiðingar stafræns ofbeldis. Samkvæmt niðurstöðum rannsóknar Fjölmiðlanefndar um nektarmyndir á meðal grunnskólabarna kemur fram að 51% stúlkna og 22% stráka hafa verið beðin um nektarmynd.

Fyrirkomulag Sexunnar er einfalt. Þátttakendur fá fræðslu og tækifæri til að búa til og skila inn tilbúinni stuttmynd (hámark 3 mínútur) á tímabilinu 10.-21. janúar 2023. Viðfangsefni keppninnar eru fjórar birtingarmyndir stafræns ofbeldis: **samþykki, nektarmynd, tæling eða slagsmál ungmenna**. Dæmi um fræðsluefni og útfærslur má sjá hér fyrir neðan.

Þátttakendur hafa frjálsar hendur með handritagerð, framkvæmd og eftirvinnslu. Hver skóli má senda að hámarki þrjár myndir í keppnina en dómnefnd skipuð fulltrúum ungmennaráðs, RÚV, MMS og kvikmyndagerðar velur svo þrjár bestu stuttmyndirnar sem verða sýndar á vef RÚV í viku sex, kynfræðsluvikunni 6.-10. febrúar nk.

Við hvetjum ykkur eindregið til að taka þátt og festa þannig viðburðinn í sessi sem árlegan, skapandi vettvang til að takast á við stafrænt ofbeldi á meðal ungmenna.

Stafrænn fræðslufundur um Sexuna verður haldinn **fimmtudaginn 8. desember nk. kl. 14:00** fyrir deildarstjóra og aðstandendur unglingastigs.

Með hlýrri kveðju, fyrir hönd samstarfsaðila,
Jana María
Vef- og kynningarstjóri 112
Jana@112.is

112 · Barna- og fjölskyldustofa · Reykjavík · Jafnréttisstofa · MENNTAMÁLASTOFNUN · SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA · FJÖLMIÐLANEFND · RÚV

sexan

Undirbúningur fyrir stuttmyndasamkeppnina **Sexan**

Til kennara

Gott er að taka 2-3 kennslustundir í undirbúning áður en nemendur hefjast handa við að framleiða stuttmyndir sínar. Mikilvægt er að nemendur fái fræðslu um kynheilbrigði, um stafrænt ofbeldi og um kvikmyndagerð. Hér fyrir neðan eru hugmyndir sem styðjast má við í kyn- og ofbeldisforvarnafræðslu, en kennurum er að sjálfsögðu frjálst að styðjast við hvaða efni sem þeir telja henta best fyrir sinn hóp. Mælt er með að foreldrar og forsjáraðilar séu upplýstir um fræðsluna og um stuttmyndasamkeppnina.

*Ath. ávallt þarf að gefa börnum færi á að ræða málin við einhvern fullorðinn ef þeim líður óþægilega í kennslustund eða eftir kennslustund þar sem rætt er um kynheilbrigði og eða ofbeldi. Málefnið getur snert börn á mismunandi hátt og reynsla þeirra og viðhorf geta verið ólík. Bendið þeim á hvort kennari er til taks, námsráðgjafi eða einhver annar, tryggið að þau viti við hvern þau geta talað. Ef barn segir frá ofbeldi skal styðjast við eftirfarandi leiðbeiningar.

Leiðbeiningar til starfsfólks.

*Mikilvægt að minna nemendur á að kennari er ávallt tilbúinn að hlusta ef þau hafa frá einhverju að segja eða ef þeim líður illa eftir kennslustundina.

Alls kyns um kynþroskann

• Horfa saman á myndina (7 mínútur)
• Mikilvægt að taka fram að þó þarna sé bara talað um stelpur og stráka þá eigi þetta við um líkama flestra sem eru með typpi eða píku. Ekki allar stelpur eru með píku og ekki allir strákar með typpi og ekki öll skilgreina sig sem stelpur eða stráka sbr. kynsegin.

Stattu með þér – Ofbeldi

Stattu með þér! er 20 mínútna löng stuttmynd ætluð nemendum á miðstigi grunnskóla. Myndinni er ætlað að spyrna gegn kynferðisofbeldi og klámvæðingu með sjálfsvirðingu og jákvæðni að leiðarljósi. Myndin er kaflaskipt og hér er aðeins kaflinn um ofbeldi (3 mín.) en vel er hægt að sýna alla myndina ef tími gefst til.

Stattu með þér – ofbeldi

Kennsluleiðbeiningar – lesið sérstaklega kaflann um ofbeldi. Ræðið við nemendur að nokkur ár séu síðan myndin var gerð, kastið fram spurningu um hvaða samfélagsmiðlar hafa bæst við síðan myndin var gerð og krakkar nota mikið (t.d. Tik Tok).
Bendið nemendum á 112 appið og á **www.112.is** þar sem þau geta lesið um ofbeldi, fundið

helstu úrræði og einnig nálgast nafnlaust netspjall þar sem þau geta ávallt fengið aðstoð í fullum trúnaði (sama hvort þau eru gerendur, þolendur, áhorfendur, vinir eða bara af því að þeim líður illa, vilja spyrja spurninga eða hafa áhyggjur).

Bendið þeim einnig á https://sjukast.is/sjuktspjall/ en þar er opið mánud., þriðjud. og miðvikud. á milli klukkan 20:00 og 22:00.

Stafrænt ofbeldi

Skiptið nemendum í þrjá hópa. Hóparnir lesa um stafrænt ofbeldi og um tælingu.

Stafrænt ofbeldi
Tæling

Gefið nemendum tíma til að lesa textann og finna í sameiningu svör við eftirfarandi:

- **Hópur 1** á að nefna fimm reglur sem ykkur finnst að ættu að gilda um samskipti á netinu
- **Hópur 2** á að nefna a.m.k þrennt sem getur verið hættulegt í samskiptum á netinu
- **Hópur 3** á að koma með fimm hugmyndir að viðbrögðum. Hvað er hægt að gera ef einhver verður fyrir ofbeldi eða tælingu (t.d. skilaboðum frá ókunnugum) á netinu?

Einn úr hverjum hópi kynnir niðurstöðu síns hóps og kennari býður hinum nemendum að bæta við ef þeim dettur eitthvað fleira í hug en það sem þegar hefur verið nefnt. Sýnið nemendum að endingu þetta örmyndband um tælingu. Það er byggt á húmor en fjallar um hvernig tæling getur átt sér stað.

Keep It Real Online Grooming

Kynþroskinn – Kynlíf

Hér eru í boði nokkrir stuttir kynfræðsluþættir sem fjalla m.a. um kynþroskann og um kynlíf. Þættirnir eru afar opinskáir en hafa fengið lof fyrir einmitt það, að segja hlutina eins og þeir eru. Með því að tala hreint út er skömmin fjarlægð og nemendur fá skýr skilaboð. Tilvalið er að velja t.d. tvo þætti til að horfa á og biðja nemendur að svara spurningum á eftir s.s. um hvað kom þeim á óvart. Hvað þótti þeim óþægilegast? Hvað þótti þeim fyndið? Hvað þótti þeim áhugaverðast? Eða bjóða nemendum að leira kynfæri, mála/teikna líkama og kynfæri eða annað sem ykkur dettur í hug til að vinna enn betur úr skilaboðunum.

Fyrir fleiri kennsluhugmyndir má m.a. benda á eftirfarandi síður
Kynfræðsla miðstig
Stopp ofbeldi!
112.is

Námsefni til að læra að vinna að stuttmyndagerð má finna hér:
Margmiðlun
Námsefni Gjallarhorn